

AUGLÝSING**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Hlíf, Ísafirði**

Samkvæmt lögum nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Hlíf, Torfnesi, Ísafirði.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Porgerður Benediktsdóttir.

22. ágúst 1985

REGLUGERÐ

Nr. 358

um breytingu á reglugerð nr. 772/1982 um Viðlagatryggingu Íslands.

1. gr.

Upphaf 2. tl. 3. gr. hljóði svo:

Varanlegar brýr 50 metra og lengri og hafnarmannvirki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 88/1982 um Viðlagatryggingu Íslands og tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. ágúst 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

26. september 1985

REGLUGERÐ

Nr. 359

um breytingu á reglugerð nr. 271/1985 um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1985.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkvæmt VI. flokki.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.